


11. desember 2015

Spáum 0,2% hækkun vísitölu neysluverðs

Við spáum að verðlag í desember, mælt sem vísitala neysluverðs (VNV), hækki um 0,2% frá fyrri mánuði. Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 2,0% í 1,9%. Verðbólguþrýstingurinn er lítill um þessar mundir og töluvert minni en gert var ráð fyrir í haust. Á síðasta ársfjórðungi spáum við 1,9% ársverðbólgu að meðaltali og á fyrsta ársfjórðungi næsta árs áætluð við 2,0% verðbólgu. Verðbólgan mun því ekki nálgast verðbólguþrýstinginn fyrr en vel er komið inn á næsta ár.

Helstu liðir sem hækka í desember eru flugfargjöld til útlanda (+0,21% áhrif á VNV) og húsnæðisliðurinn (+0,14% áhrif á VNV). Á móti vegur að eldsneyti lækkar í verði (-0,07% áhrif á VNV) ásamt fötum og skóm (-0,06% áhrif á VNV). Aðrir liðir hreyfast minna. Hagstofa Íslands birtir mælingu á vísitölunni þriðjudaginn 22. desember nk..

Áhrif undirliða á verðbólgu í desember mánuði



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka


Spá okkar fyrir næstu mánuði breytist lítið en við spáum að verðlag lækki um 0,5% í janúar en hækki svo um 0,7% í febrúar og um 0,5% í mars. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan standa í 1,7% í mars á næsta ári.

Helstu atriði í desemberspánni:

- Flugfargjöld til útlanda hækka en bensín lækkar.** Eftir umtalsverðar lækkanir undanfarið spáum við því að flugfargjöld til útlanda hækki um tæp 16% (+0,21% áhrif á VNV). Eftir að Hagstofan tók upp nýjar mælingaraðferðir á verði flugfargjalda til útlanda um mitt ár í fyrra hafa árstíðarsveiflur á verðlagi verið nokkuð svipaðar milli ára. Mæling okkar í desember gefur til kynna myndarlega hækkun og er það nokkuð svipuð verðþróun og í fyrra. Í mánuðinum lækkar verð á bensíni um 1,4% og verð á dísel um 3,4% (samtals -0,07% áhrif á VNV). Þá ber vel að merkja að Skeljungur hefur breytt 5 af sínum bensínstöðvum í Orkan X þar sem bensínverð er sjö krónum ódýrara en á venjulegum Orku stöðvum. Vegna þess hve fáar stöðvarnar eru hefur breytingin ekki veruleg áhrif á þróun eldsneytisverðs milli mánaða. **Áhrif á VNV: +0,14%**

Þróun verðlags flugfargjalda til útlanda á árunum 2014 og 2015

- vísitala=100 í ársbyrjun



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

- **Húsnæðisliðurinn heldur áfram að hækka.** Við áætluðum að húsnæðisverð um land allt hækki um tæplega 0,7% og hefur því reiknuð húsaleiga +0,10% áhrif til hækkunar á VNV. Þá spáum við að aðrir undiliðir hækki einnig og þá helst greidd húsaleiga (+0,04% áhrif á VNV). **Áhrif á VNV: +0,14%**
- **Föt og skór lækka ásamt pósti og síma.** Helstu liðir sem lækka að frátölu eldsneyti eru föt og skór (-0,06% áhrif á VNV) og er það í takt við væntingar um afnám tolla á fatnað um áramótin. Einnig heldur póstur og sími áfram að lækka líkt og undanfarna mánuði (-0,02% áhrif á VNV). **Áhrif á VNV: -0,08%**


Lítill verðbólga vel fram á næsta ár

Verðbólguhorfur til skemmri tíma hafa batnað umtalsvert undanfarið. Samkvæmt okkar spá er útlit fyrir að verðbólga verði 2,0% á fyrsta ársfjórðungi næsta árs og er það nokkuð undir því sem við gerðum ráð fyrir í haust. Skýringin liggur helst í styrkingu krónunnar undanfarið og lækkun hrávöruverðs. Verð á Brent Norðursjávarolíu er nú komið undir 40 bandaríkjadali á tunnu og kæmi ekki á óvart ef verðið lækkaði enn frekar á komandi mánuðum. Í spá okkar gerum við því ráð fyrir frekari lækkun eldsneytisverðs innanlands á komandi mánuðum. Það er því líklegt að verðbólga haldist nokkuð undir verðbólguþrýstingi fyrr en líður á sumarið. Við gerum þó ráð fyrir að verðbólga fari hækkandi á seinni hluta ársins og má rekja það til vaxandi spennu í hagkerfinu og umtalsverðra launahækkana undanfarið.

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Janúar -0,5%.** Við spáum að föt og skór, húsgögn og heimilisbúnaður og ferðaliðurinn lækki í mánuðinum. Á móti vegur hækkun á matvöruverði og húsnæðisverði.
- **Febrúar +0,7%.** Útsölur í ársbyrjun ganga til baka og hækka helst föt og skór, húsgögn og heimilisbúnaður ásamt ferðaliðnum og húsnæðisverði.
- **Mars +0,5%.** Föt og skór hækka áfram eftir útsölur í janúar en einnig hækkar flugliðurinn og húsnæðisliðurinn.

Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Erna Björg Sverrisdóttir
erna.sverrisdottir@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Konráð S. Guðjónsson
konrad.gudjonsson@arionbanki.is

Forstöðumaður

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

[Hér má finna fyrirvara](#)